

Austurlandi, 6. janúar 2012

## Atvinnuveganefnd Alþingis

### **Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðþjónustu úti á landi.


140. löggjafarþing 2011-2012  
Þingskjal 37 – 37. mál

Mikil uppbygging hefur verið í ferðþjónustu á Austurlandi síðustu ár og ljóst að ferðþjónustuaðilar sjá mikil sóknartækifæri í fjölgun ferðamanna og lengingu á ferðamannatíma. Í dag er starfandi hópur sem hefur það m.a. að markmiði að efla markaðssetningu á Alþjóðaflugvöllinum á Egilsstöðum og í honum eru fulltrúar frá ISAVIA, Markaðsstofu Austurlands, Sveitarfélaginu Fljótshálsa og Þróunarfélagi Austurlands. Hópurinn hefur unnið mikla og góða greiningarvinnu á aðstæðum á Austurlandi, en tilfinnanlega skortir fjármagn til frekari markaðssetningar erlendis á flugvöllinum og þeirri afþreyingu sem er í boði á Austurlandi.

Vert er að benda á skýrslu sem kom út í janúar 2008 og var unnin af Kolfinnu Jóhannsdóttur og Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst fyrir Sveitarfélagið Fljótshálsa og Þróunarfélag Austurlands *Lenging á flugbraut Egilsstaðaflugvallar. Þarfagreining og framtíðartækifæri*<sup>1</sup> en þar kemur m.a. fram (bls 41):

Það er ljóst að stór hluti ferðamanna sækir Austurland heim þrátt fyrir að innkoma langflestra erlendra ferðamanna sé í gegnum Keflavíkurflugvöll á hinum enda landsins. Það er einnig ljóst að mikið verk er óunnið bæði á Austurlandi sem og landsbyggðinni allri í að auka hlutdeild sína í ferðþjónustu á tímabilinu fyrir utan sumarmánuðina. Hátt hlutfall gístinátta á Austurlandi í júní, júlí og ágúst sýnir að svæðið er mjög öflugt yfir sumarmánuðina og gefur tilefni til að ætla að mikil eftirspurn sé eftir heimsóknnum á svæðið.

Þróunarfélag Austurlands fagnar tillögu til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðþjónustu úti á landi. Þróunarfélagið vill hins vegar benda á að samhliða verkefninu á Norðurlandi mætti vinna sambærilegt verkefni fyrir Austurland, en ekki bíða til ársins 2015 eftir niðurstöðum frá Norðurlandi, eins og gert er ráð fyrir í 10. lið greinargerðar með þingsályktuninni.



Hafliði H. Hafliðason, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands

<sup>1</sup> [http://rannsoknamidstod.bifrost.is/Files/Skra\\_0026444.pdf](http://rannsoknamidstod.bifrost.is/Files/Skra_0026444.pdf)